

Ísland í formennsku í fastanefnd EFTA um EES-mál

Frá 1. janúar 2015 gegnir Ísland formennsku í fastanefnd EFTA. Það felur m.a. í sér að sendiherra Íslands í Brussel stýrir fundum nefndarinnar sem kemur saman mánaðarlega og m.a. undirbýr fundi sameiginlegu EES-nefndarinnar. Þar er fjallað um málefni samningsins um evrópska efnahagssvæðið og löggjöf felld inn í samninginn. Af þessu tilefni hefur Ísland kynnt áætlun um helstu áhersluatriði sem unnið verði að næstu sex mánuði og sem efst er á baugi í EES-samstarfinu. Þeirra á meðal eru útfærsla á fyrirkomulagi samevrópska fjármálaeftirlitsins fyrir EES/EFTA-ríkin, samningaviðræður við ESB um nýjan uppbyggingarsjóð EES. Þá er lögð áhersla á að fylgjast náið með gangi mála í samningaviðræðum ESB og Bandaríkjanna um viðskipta-samning (TTIP) og að greina áhrif sem slíkur samningur getur haft í för með sér fyrir EES/EFTA-ríkin.

Sjá nánar á <http://bit.ly/1AhrS4Z>

EES-ráðið leggur áherslu á á hnökralausa upptöku og innleiðingu gerða

Seinni fundur EES-ráðsins á þessu ári fór fram í Brussel hinn 19. nóvember sl. Ráðið er skipað ráðherrum sem bera ábyrgð á samningnum í EES/EFTA-ríkjunum þremur og frá formennskuríki ESB sem að þessu sinni var Ítalía. Bergdís Ellertsdóttir, sendiherra Íslands í Brussel, sat fundinn af Íslands hálfu í fjarveru utanríkisráðherra. Skipst var á skoðunum um framkvæmd samningsins. Lögð er áhersla á hnökralausa upptöku gerða í samninginn sem og innleiðingu þeirra í landsrétt svo tryggja megi eitt af grundvallaratriðum samningsins um samræmda löggjöf og samsvarandi rétt einstaklinga og fyrirtækja á innri markaðnum. EES-ráðið lýsti ánægju sinni með að náðst hefði samkomulag vegna innleiðingar reglugerða um evrópskar eftirlitsstofnanir á fjármálamarkaði. Með því er tryggt að umgjörð um fjármálaþjónustu verður sambærileg á öllum innri markaði Evrópu. Samkomulagið byggist á grunnildum EES-samningsins um tveggja stöða kerfi.

Rætt var um loftslags- og orkumál, sérstaklega stefnu til ársins 2030 sem að leiðtoga ESB samþykkti nýverið og felur í sér markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, auka enn frekar hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa og markmið um frekari orkusparnað. Á fundinum lagði Ísland m.a. áherslu á að nýting jarðhita gæti átt þátt í að draga úr áhrifum loftslagsbreytinga.

Í tengslum við EES-ráðsfundina er jafnframt fundað um utanríkis-mál. Að þessu sinni var ástandið í Sýrlandi, Írak og baráttan gegn ISIS-hryðjuverkasamtökunum til umræðu.

Sjá sameiginlega niðurstöðu fundarins: <http://bit.ly/1DGMkAa>

...stúfar

Næsti fundur í sameiginlegu EES-nefndinni verður 6. febrúar nk. Síðasti fundur sameiginlegu EES-nefndarinnar fór fram 12. desember sl., þar sem EES/EFTA-ríkin fengu meðal annars kynningu á stöðu fríverslunarviðræðna ESB og Bandaríkjanna (TTIP). Sjá nánar <http://bit.ly/1IXHyv>

Á fundi almenna ráðs ESB hinn 16. desember sl. var ályktað um samskipti ESB við ýmis Vestur-Evrópuríki, þar með talið EES/EFTA-ríkin, sjá nánar: <http://bit.ly/1z443ia>

Donald Tusk tók við sem forseti Leiðtogaráðs ESB hinn 1. desember sl. Hann mun stýra sínum fyrsta fundi í leiðtogaráðinu 18.-19. þ.m., sjá <http://bit.ly/1A7KFy8>

Hinn 12. desember sl. samþykktu EES/EFTA-ríkin fjárhagsáætlun EFTA-dómstólsins og Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) fyrir árið 2015. Fjárhagsáætlun dómstólsins hækkaði um 2,3% milli ára, en fjárhagsáætlun ESA lækkaði um 0,7% frá fyrra ári.

Vinnuáætlun framkvæmastjórnar ESB var kynnt 16. desember sl., sjá nánar <http://bit.ly/1wdAJnk>. Fjallað verður um áætlunina í næstu útgáfu Yfirlits um EES-málefni.

Ástandið á ytri landamærum Schengen og innflytjendamál voru áfram til umræðu á fundi dómsmálaráðherra ESB og EFTA ríkjanna 4.-5. desember sl, sjá <http://bit.ly/1uZjS3d>

Hér má finna upplýsingar um mál sem eru í almennu samráðsferli hjá ESB <http://bit.ly/1n13j2J>

**Sendiráð Íslands í Brussel
óskar landsmönnum öllum
gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári
með þökk fyrir samstarfið
á árinu sem er að líða**

ESB: Skipsáhafnir munu heyra undir vinnuréttartilskipanirnar

Áhafnir skipa hafa hingað til fallið utan gildissviðs tilskipana ESB um vinnuréttarmál. Þær tilskipanir sem málið varðar snúa að réttindum launþega við gjaldþrot, Evrópska samstarfsráðinu, hópuppsagnir, upplýsingamiðlun til launamanna og samráð við þá, réttindi starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum og um útsenda starfsmenn. Í nóvember sl. lagði framkvæmdastjórn ESB fram tillögu um að þessi undanþága, vegna áhafna skipa yrði nú afnumin og að áhafnir skipa myndu framvegis falla undir gildissvið tilskipananna um vinnumál. Tillagan er nú í lagasetningarferli ESB og gæti því lokið með samþykkt tillögunnar seinni hluta árs 2015.

Gert er ráð fyrir að EES/EFTA-ríkin muni senda inn afstöðu sína til tillögunnar á næstu mánuðum.

Sjá nánar um tillöguna og stöðu lagasetningarferilsins hér: <http://bit.ly/1uZhSbd>

ESB: Lettland tekur við formennsku í ráði ESB

Formennska í ráðherraráði ESB flyst milli aðildarríkjanna á sex mánaða fresti, 1. janúar og 1. júlí ár. Viðkomandi aðildarríki stýrir m.a. fundum ráðherraráðsins og fundum allra vinnuhópa þess sem eru fjölmargir og gegnir því forystuhlutverki við lausn og afgreiðslu mála.

Til að tryggja samfellu í starfi sambandsins deila þrjú aðildarríki með sér sameiginlegri 18 mánaða vinnuáætlun og mynda svokallað þríeyki (e. troika). Hvert þessara ríkja gefur svo út eigin 6 mánaða verkáætlun sem setur mark sitt á starf sambandsins á hverjum tíma.

Hinn 1. janúar nk tekur Lettland við formennskusætinu af Ítalíu. Verkáætlun þeirra fyrir fyrri helming ársins 2015 hefur ekki verið birt en meginatriði hennar eru þó að mestu kunn en í henni eru eftirfarandi áherslusvið:

Samkeppnishæf Evrópa (*Competitive Europe*)

Lettland leggur megináherslu á aukin samkeppnishæfni Evrópu. Landið varð illa úti í efnahagskreppunni, en hefur með aðhaldsaðgerðum og efnahagsumbótum komist á rétta braut. Lettland mun meðal annars beita sér fyrir gerð 10 ára efnahagsáætlunar ESB. Fjárfestingapakki Junckers verður einnig ofarlega á baugi. Enn fremur verður lögð áhersla á orkuöryggi og útfærslu orkubandalags Evrópu.

Stafræn Evrópa (*Digital Europe*)

Gagnavernd og aukin rafræn stjórnsýsla er eitt forgangsmála Lettlands. Þá mun Lettland leggja áherslu á aukna

ESB endurskoðar reglur um matvælaframleiðslu

Í desember 2013, kynnti framkvæmdastjórn ESB tillögur að breytingum á reglum sambandsins um matvælaframleiðslu. Breytingarnar varða reglur um dýra- og plöntusjúkdóma, yrki og eftirlit með matvæla-fyrirtækjum (rammareglugerð nr. 882/2004).

Breytingarnar miða fyrst og fremst að því að samræma og einfalda regluverkið (5 reglugerðir í stað 70 áður), að samþætta eftirlit og samræma gjaldtöku. Vonir standa til þess að einhverjar tillagana verði samþykktar í lagsetningarferli ESB fyrir árslok 2015.

Sjá nánar um tillöguna hér: <http://bit.ly/1iMLSWO>

ESB endurskoðar löggjöf um lífræna ræktun

Í mars 2014, lagði ESB fram tillögur sem herða á framleiðsluskilyrðum í lífrænni ræktun. Hafa nokkur ríki lýst áhyggjum sínum yfir að verði tillögunnar samþykktar neyðist margir bændur til að hverfa aftur að hefðbundnum búskaparháttum. Stefnt er að því að ljúka lagasetningarferlinu innan ESB um mitt ár 2015, en aðildarríkjunum greinir nokkuð á um tillöguna.

Sjá nánar um tillöguna og stöðu lagasetningarferilsins hér: <http://bit.ly/1zyWcXy>

rafrænan innri markað og endurbætur varðandi höfundaréttar. Lettland býr yfir sterkum innviðum, hugbúnaðargeirinn er þróaður og mun Lettland byggja á eigin reynslu við að móta stefnu og markmið ESB. Lettar munu m.a. halda ráðherrafund um „Stafræna framtíð Evrópu“ í formennskutíð sinni.

Ábyrg Evrópa (*Engaged Europe*)

Virk þátttaka ESB út á við, ekki síst í næsta nágrenni sambandsins, er þriðja forgangssvið Letta. Lettland mun leggja áherslu á að styrkja ESB sem geranda á alþjóðavettvangi, m.a. við úrlausn deilumála og á sviði öryggismála. Ástandið í Úkraínu verður ofarlega á blaði og í maí verður haldinn ráðherrafundur nágrennasamstarf til austurs í Riga. Lettar vilja enn fremur styrkja samband ESB og Bandaríkjanna og munu vinna ötullega að framgangi viðræðna um viðskipti og fjárfestingar milli aðilanna tveggja (TTIP).

Í meðfylgjandi skjali er yfirlit um helstu gerðir sem samþykktar voru innan ESB á tímabilinu október til og með nóvember og varða EES-samninginn.

Yfirlit þetta er tekið saman til upp-lýsingar um EES-málefni og sent til utanríkismálanefndar Alþingis á grundvelli 8. gr. reglna Alþingis um þinglega meðferð EES-mála.